

Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 5/1907:

Réttvísín  
gegn  
Ólafi Sigurðssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Reykjavíkur kaupstaðar, gengnum 15. desember f. á., var hinn ákærði Ólafur Sigurðsson dæmdur fyrir þjófnað framinn í 4. sinn og fyrir gripdeild til að sæta betrunarhúsvinnu í 1 ár og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans, cand. juris Einars M. Jónassonar, 8 kr.

Þessum dómi hefir að beiðni ákærða og af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til landsyfírréttarins.

Með játningu ákærða, Ólafs lausamanns Sigurðssonar í Hólakotí hér í bænum, svo og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í málinu, er það löglega sannað, að hann í októbermán. síðastl. tók ófrjálsri hendi nokkra blauta saltfiska af fiski, sem lagður hafði verið upp úr skipum á steinpallinn norðanvert við bryggjuhús H. P. Duus verzlunar. Næturvörðurinn sá til ferða ákærða um nóttina; en ekki sá hann hann taka fiskinn. Ákærði segir fiskana hafa verið 6—7 og hafi þeir verið heldur smáir; ákærði fór með fiskinn heim til sín og var hans

neytt á heimili hans. Fisksins var eigi saknað, og hefir endurgjalds eigi verið krafist fyrir hann. Nóttina eftir stal ákærði 20—22 blautum saltfiskum úr eða við fiskhlaða á stakkstæði norðan við Hafnarstræti; var það þorskur og ýsa til helminga eða þó heldur fleiri þorskar, 6—7 kr. virði. Þjófnað þennan framdi ákærði á næturpeli kl. 1 $\frac{1}{2}$ —2 og sá næturvörður kaupmanna til hans; ákærði var kominn með fiskinn, sem hann bar í poka, kippkorn frá Hafnarstræti eða stakkstæðinu þar, en þegar hann var kominn upp í Veltusund, lét vaktarinn hann láta fiskinn á sama stað og hann tók hann. — Í haust er leið var ákærði staddur í búð H. P. Dusus samt Jóni nokkrum Ólafssyni frá Galtavík, beiddi hann Jón að skifta fyrir sig 1 krónu í smærri mynt, og fekk hann með sér út úr búðinni; þegar Jón var búinn að taka upp smápeningana og fá ákærða þá, hljóp ákærði burt með peningana, án þess að láta nokkuð fyrir. Jón Ólafsson skýrði lögregluþjóni Þorvaldi Björnssyni frá þessu og fór hann með Jóni á heimili ákærða og lét hann skila Jóni peningunum aftur, nema 2 aurum, en sem ákærði seinna lét af hendi.

Haustið 1905 tók ákærði í Aðalstræti vaðmál af stúlku og fór með það heim til sín; en hann var látinn skila því og fekk stúlkan það aftur. Ákærði þekti ekki kvenmanninn og ekki hefir tekist að finna hann.

Þá hefir Runólfur Þorsteinn Jónsson bóndi á Grund á Akranesi gefið ákærða að sök, að hann kveldið 28. okt. f. á. hafi inni á hótél Ísland hripsað af sér buddu með peningum í. Þóttist Þorsteinn, sem var talsvert drukkinn, er hann kvaðst hafa mist budduna, fyrst geta sagt, hve mikið var af peningum í buddunni, en seinna

hefir hann borið, að hann gæti ekki fullyrt neitt um það. En ákærði hefir statt og stöðugt neitað því, að hann hafi tekið budduna, og í vitni hefir borið, að það hafi ekki, meðan ákærði og Þorsteinn sátu saman, séð Þorstein taka upp budduna; ákærði verður því ekki dæmdur fyrir töku á buddunni, sem eigi er sönnuð á hann gegn neitun hans. Það er fram komið í málinu, að ákærði hafi, er hann stal fiskinum, verið nokkuð drukkin, en eftir öllum atvikum þykir ekki næg ástæða til að láta það verða honum til linkindar.

Ákærði, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og hefir áður þrisvar sætt hegningu fyrir þjófnað, fyrst samkvæmt aukaréttardómi Reykjavíkur kaupstaðar 4. nóvbr. 1892, 5 daga fangelsi við vatn og brauð, í 2. sinn samkvæmt aukaréttardómi Reykjavíkur 25. sept. 1893, 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og loks með landsyfirréttardómi 13. apríl 1896 var hann dæmdur og honum hegnt með 8 mánaða betrunarhúsvinnu, — en refsingu þessa lauk hann að afplána 13. nóvbr. s. á. — er því nú orðinn sekur um þjófnað í 4. sinn og verður því að dæma hann samkvæmt 234. gr. hegningarlaganna, sbr. að nokkru leyti 239. gr. þeirra, og þykir hegning hans hæfilega metin af undirdómaraum 1 árs betrunarhúsvinna, og með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Svo ber ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmat.

## Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. — Ákærða Ólafi Sigurðssyni ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfir-dómi, málaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 30/1906: Árni Davíðsson og Hjörtur Þorkelsson  
 gegn  
 Jóni Jónssyni eða til vara Þorbergi  
 Þórarinssyni f. h. Louis Zöllners.

## Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði Þorbergur hreppstjóri Þórarinsson af hendi Jóns Jónssonar frá Múla sem aðal-umboðsmanus L. Zöllners stórkaupmanns gegn áfrýjendunum til að fá þá dæmda til að greiða nefndum stórkaupmanni eftirstöðvar af skuld kaupfélags Þórshafnar við Zöllner 4782 kr. 41 e., ásamt 6% vöxtum af skuldinni frá 1. nóv. 1902, en áfrýjendurnir töldu sig eigi skylda til að greiða skuldina af eigin fé og kröfðust því aðallega sýknunar í málinu að öllu leyti, en til vara, að krafa sækjandans væri færð niður um 1462 kr. 50 a. Málið var leitt til lykta með dómi aukaréttar Þingeyjar-